

Framsýn, stéttarfélag

Garðarsbraut 26

640 Húsavík



Akureyri, 28. apríl 2020

Efni: Svar við fyrirspurn Framsýnar um starfsemi SSNE

Vísað er til fréttar sem birt var á heimasíðu Framsýnar, dags. 26. apríl 2020, undir yfirskriftinni „Kallað eftir upplýsingum um starfsemi SSNE“ en þar kemur fram að óskað sé eftir upplýsingum um starfsemi Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE.

Í fyrstu spurningu er vísað til skráningar í fyrirtækjaskrá á heimasíðu Ríkisskattstjóra (rsk) og spurt, er endanlega búið að ákveða að aðalstöðvar SSNE verði á Akureyri?

Engin ákvörðun hefur verið tekin um að aðalstöðvar SSNE verði á Akureyri, lögheimili og varnarþing SSNE er á Húsavík. Ástæða þess að lögheimili er skráð á Akureyri hjá rsk er sú að nýja félagið hefur enn ekki verið skráð. Það er því Eyþing sem kemur upp þegar félaginu er flett upp með kennitölu þess.

Með tölvupósti 13. febrúar sl. leitaði framkvæmdastjóri skýringa á því hjá rsk hvers vegna SSNE væri ekki skráð og fylgdi þeim pósti eftir með símtali. Svar barst loks í síðustu viku en þar segir um tafir á skráningu: „*Vegna mikilla anna við skráningu raunverulegra eigenda þá hefur afgreiðslutími hefðbundinna tilkynninga vegna félagasamtaka lengst verulega. Okkur bárust um 4 þús. tilkynningar um breytingar hjá félagasamtökum.*“ Ekki fékkst svar við því hvenær skráningu verður breytt.

Voru sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum höfð með í ráðum þegar þetta var samþykkt?

Sjá svar hér að ofan.

Er búið að auglýsa starf Reinhards Reynissonar laust til umsóknar?

Já, það hefur þegar verið gert, starf sviðsstjóra atvinnu- og byggðaðróunar hefur verið auglýst með starfsstöð á Húsavík. Auglýsing birtist á heimasíðu Capacent 22. apríl 2020:

<https://capacent.com/is/radningar/storf/samtok-atvinnuthrounar-og-sveitarfelaga-a-nordurlandi-eystra/svidsstjori-atvinnu-og-byggdathrounar-a-husavik-24904/>

Starfið var einnig auglýst á heimasíðum félaganna þriggja, Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, Atvinnuþróunarfélags Eyfirðinga og Eyþings 24. apríl sem og á Facebook síðu SSNE sama dag. Að auki var starfið auglýst í Fréttablaðinu 25. apríl og verður birt í staðarblöðum á austurvæði SSNE í þessari viku, viku 18.

Er búið að skilgreina hvar starfsstöðvar SSNE verða á þjónustusvæði SSNE?

Engin breyting hefur verið gerð á ákvörðun um staðsetningu starfsstöðva SSNE. Starfsstöðvar félagsins verða á fjórum stöðum, á Húsavík, Akureyri, Tröllaskaga og í Norður Þingeyjarsýslum.

Er búið að ákveða fjölda starfa hjá hverri starfsstöð?

Ekki hefur verið ákveðinn fjöldi starfa hjá hverri starfsstöð en fyrir liggur að flest störfin verða í starfsstöðvum SSNE á Húsavík og á Akureyri (3-5 í hverri starfsstöð). Færri starfsmenn verða í hinum tveimur starfsstöðvunum.

F.h. stjórnar SSNE

Hilda Jana Gísladóttir

Stjórnarformaður